




Akureyrarbær

Menningarsjóður Akureyrarbæjar styrkir eftirfarandi verkefni árið 2023



Textavarpið

Textavarpið er tónleikaröð sem fer fram í húsakynnum listhópsins Kaktus í Listagilinu á Akureyri. Á tónleikunum geta grasrótahljómsveitir frá Akureyri og víðar komið fram. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum en tekið er við frjálsum framlögum.



WindWorks í Norðri

Sótt er um styrk til að standa fyrir 6 tónleikar sem verða hluti af tónlistarhátíðinni „WindWorks í Norðri 2023“. Tónlistarhátíðin er helguð blásturshljóðfærum og fara tónleikarnir allir fram á mismundandi söfnum á Norðurlandi. Eftir mjög vel heppnaða hátíð síðastliðið sumar var ákveðið að þróa hátíðina með því að hafa staðartónskáld næsta sumar og þá að sjálfsögðu frá Akureyri. Nú þegar hefur Daníel Þorsteinsson píanóleikari og tónskáld samþykkt að verða staðartónskáld hátíðarinnar.



Ritfangar

Alla þriðjudaga í vetur, frá 16:30-18:30, eru opnir fundir á Amtsbókasafninu fyrir 16 ára og upp úr sem hafa áhuga á skapandi skrifum. Við gerum margs konar ritæfingar og ræðum ólíkar nálganir á skrif, allir velkomnir!



Mysingur tónleikahátíð

Mysingur er tónleikahátíð sem fram fer í Mjólkurportinu bakvið Listasafnið á Akureyri. Þrennir tónleikar yfir sumarið með lokatónleika á Akureyrarvöku milli 17 og 19 og eru hugsaðir sem stuðningur fyrir grasrótina í tónlistarlífinu á Akureyri. Aðgangur ókeypis.



Eyrarrokk 2023

Eyrarrokk er tónlistarhátíð sem fyrirhugað er að halda einu sinni ári í októbermánuði. Hátíðin er haldin á tónleikastaðnum Verkstæðinu á Eyrum Akureyrar af þeim Helga Gunnlaugssyni vert á Verkstæðinu tónleikastað og tónlistarmönnum Rögnavaldi Rögnavaldssyni og Sumarliða Helgasyni. Grunn hugmynd hátíðarinnar er að auðga menningarlíf Akureyrar með tónleikum þar sem saman koma hljómsveitir með tónlistarstefnur sem annars spila lítið á svæðinu. Þannig að ekki er um að ræða hefðbundnar hljómsveitir.




Hátíðartónleikar í tilefni af 80 ára afmæli Lúðrasveitar Akureyrar

Sótt er um styrk til þess að bjóða bæjarbúum á Akureyri á tónleika í tilefni af því að samfelld lúðrasveitastarf á Akureyri spannar nú 80 ár. Ennfremur að endurskapa þá uppákomu sem var á Páskadag 1943 þegar Lúðrasveit Akureyrar lék í fyrsta sinn opinberlega sunnan undir Akureyrarkirkju.




Óð

Óð er kvikmynd í miðlungslengd sem tvinnar saman táknrænt myndmál og gjörningarlist. Myndin byggir á 7 stuttmyndum/senum sem eru allar tengdar sama þema, sem er máttur eldri konunnar / ömmunar. Sagan sækir innblástur í goðsögur mannsins síðustu 4000 ár. Verkinu er ætlað að fanga ævistarf Önnu Richardsdóttur.



Uppsetning á Footloose í Hofi

Í mars 2023 mun Leikfélag Menntaskólans á Akureyri setja upp Footloose í Hofi. Leikfélagið er eitt elsta undirfélag skólans og taka allt að 90 nemendur þátt í að skapa verkefni sem allir íbúar Akureyrar og nærliggjandi svæða geta notið. Þetta er einn stærsti menningarviðburður Akureyrar ár hvert og því væri stuðningur ykkar mjög vel þeginn, sama hversu mikill hann er. Við höfum sett upp leikrit árlega síðan árið 1936.



Listræn heimildarmynd um grasrótarsenu Akureyrar

Áki Frostason og Andro Manzoni taka upp, vinna og frumsýna stutta listræna heimildarmynd um grasrótartarasenu samtíðarinnar á Akureyri. Myndinni er ætlað að veita almenningi innsýn í senuna og standa bæði sem varðveisla menningararfs, svæðiskynning og sjálfstætt listaverk.



Laumulistasamsteypan 2023

Alþjóðlega gestavinnustofan Laumulistasamsteypan býður þverfagleum hóp listamanna að taka þátt í samvinnuverkefni í Hrísey í áttunda sinn. 12 listamönnum er boðið að dvelja saman í 10 daga og nota nærumhverfi staðsetningar sinnar í Hrísey sem innblástur fyrir samstarf í skapandi vinnu. Í lok dvalarinnar stendur samsteypan fyrir opnu húsi í samstarfi við Danshátíð Hríseyjar með uppákomum fyrir gesti.



Svangar Ruslaverur aftur

Svöngu Ruslaverurnar eru skúlptúrar sem settir eru utan um ruslatunnur, þeir eru gerðir úr þæfðu ullarprjónaefni sem þolir öll veður og munu prýða upphengdar ruslatunnur frá vori til hausts. Þær eru teknar niður og hægt að setja þær upp aftur eftir veturinn. Þær eru hvatning til að halda bænum hreinum og eru myndefni ferðamanna frá öllum heimshornum. Börn gleðjast við að fá að gefa þeim rusl að borða. Verkið er unnið að miklu leiti úr endurvinnslu efnum og bæði handprjónuðum og vél prjónuðum.



Tilraunastofur í listum 2023

Myndlistarfélagið og Gilfélagið taka nú aftur höndum saman og efna til tilraunastofa í listum í Deigluinni. Haldnir verða 20 viðburðir á tímabilinu janúar til desember 2023 þar sem boðið er upp á margvíslegar tilraunastofur á ýmsum sviðum lista. Á opnum vinnustofum gefst þátttakendum kostur á að kynna ýmsum miðlum og gera eigin tilraunir, deila reynslu og hugmyndum sín á milli. Á vettvangi sem þessum verður til suðupottur hugmynda og hugverka skapandi einstaklinga, sem nærir samfélagið.



Barnamenning í Hrísey

Verkefnið er samstarfverkefni og felst í að kynna fyrir nemendum á öllum skólastigum sögu húss Hákarla Jörundar og áhrif þess á íbúabyggð í Hrísey. Nemendur munu búa til leikþátt og vinna verk í textíl og myndmennt um húsið og sögu þess. Haldið verður leiklistarnámskeið í tengslum við verkefnið og listamaður sem dvelur í Gamla skóla í desember - mars mun koma að vinnunni ásamt skólastjóra og verkefnastjóra. Afrakstur verður sýndur í Sæborg í tengslum við Barnamenningarhátíð á Akureyri.



Northern Lights - Fantastic Film Festival

Northern Lights - Fantastic Film Festival er ný árleg kvikmyndahátíð með vögggu á Akureyri. Hátíðin sýnir um 48 stuttmyndir en auk kvikmyndasýninga verða einnig haldnir kvikmyndatengdir viðburðir með það markmið að hvetja kvikmyndagerðarfólk til að sækja innblástur fyrir verk sín í íslenskan þjóðsagnaarf. Ýmsir fjölbreyttir viðburðir verða auk þess haldnir samhliða hátíðinni í samstarfi við fljölbreytta aðila á Akureyri og munu ungir sem aldnir geta tekið þátt og sótt viðburði hátíðarinnar.



Hinsegin Festival í Hrísey

Hinsegin Festival verður haldið í Hrísey helgina 20.-23. júlí 2023. Gleðin og sýnileikinn hafa í gegnum tíðina verið sterkustu tól hinsegin baráttunnar og okkur langar að leggja fram krafta okkar í baráttunni. En eins og allir vita hefur orðið mikið bakslag í málefnum hinsegin fólks. Boðið verður upp á fræðslu frá samtökunum 78, ýmsir hinsegin listamenn munu koma fram einnig verður sett upp sérstök barnadagskrá. Hátíðin er haldin í samstarfi við Hinsegin daga í Reykjavík og samtökin 78.



Pastel ritröð og reyniviðurinn

Pastel ritröð og reyniviðurinn - eigin menningarverkefni og röð listviðburða Menningarhúss í Sigurhæðum - er vettvangur tengslamyndunar og frumsköpunar í menningargeiranum. Unnið er með listafólki og staðarhöldurum á mismunandi stöðum á landinu og einum af meginlandinu, fólki úr ólíkum greinum skapandi geirans, að gerð ferskra listaverka og bókverka síðveturs og að vori 2023 og að röð viðburða yfir sumarið og fram á haustvikur 2023.



Ljúfir tónar - íslensk dægurlög flutt í rólegum og notalegum útfærslum í félagsheimilum fólksins Sölku og Birtu.

Guðrún Arngrímsdóttir söngkona og Siggí Óli gítarleikari flytja notalegar útfærslur af íslenskum dægurlögum sem allir þekkja í félagsheimilum fólksins Sölku og Birtu. Lögð verður áhersla á að skapa notalegt og þægilegt andrúmsloft á tónleikunum fyrir fólk til að staldra við og njóta. Miðað er við að halda um 30-40 mínútna tónleika í hvorri félagsmiðstöð á tímabilinu mars - apríl 2023.



Saga og þróun leikskóla á Akureyri

Verkefnið snýst um útgáfu á bók um sögu leikskólastarfs í bænum. Í bókinni eru annars vegar fræðilegir kafar um hvernig leikskólastarf í bænum byggðist upp og hins vegar eru tekin viðtöl við leikskólakennara með langa starfsreynslu í leikskólum í Akureyrarbæ. Bókin gefur góða mynd af starfinu í leikskólum á árum áður, hvernig aðstæður barna og starfsfólk þróuðust og hvernig bærinn byggði upp leikskólana og ytri umgjörðina í kringum þá.



Hljómsveit Akureyrar

Samstarfssamningur 2023

Hljómsveit Akureyrar Áhugamanna sinfóníuhljómsveit sem staðsett verður í Hofi á Akureyri. Samstarfsaðilar: Mak-Menningafélag Akureyrar Tónlistarfélag Akureyrar Tónlistarskólinn á Akureyri Þátttakendur: Hljóðfæranemendur, kennarar, tónlistarfólk á svæðinu, fyrirverandi nemendur, aðkomufólk sem hafa náð langt á hljóðfæri en starfa við annað. Tilgangur: Að spila góða tónlist saman og efla fjölbreytni í menningarlífi bæjarins.



TÓLF TÓNA KORTERID

Samstarfssamningur 2023

TÓLF TÓNA KORTERID er norðlensk tilraunasena í tónlist. TÓLF TÓNA KORTERID er röð korterslangra tónleika á Listasafninu á Akureyri, sem hverju sinni eru tvíteknir. Nýsmíðar og tónatílaunir eru aðal tónleikaraðarinnar. Fólk kemur saman úr öllum áttum, á öllum aldri, óhrætt við að hlusta á hljóðskúlptúra af öllu tagi innan um myndverk safnsins.



Menningarfélag Arctic Opera

Samstarfssamningur 2023

Menningarfélag Arctic Opera samanstendur af klassískt menntuðu listafólki á Norðurlandi. Megin áhersla er lögð á að kynna klassískan söng samofið fræðslu um tónskáld og textahöfunda. Við höfum haldið tónleika víða á norðurlandi ásamt því að hafa boðið fólki uppá að koma og hlusta á æfingar hjá okkur mjög reglulega. Nú höfum við einnig stofnað kór klassískt menntuðum söngvurum sem var brýn þörf fyrir. Arctic opera stefnir á að halda áfram að koma fram reglulega og nú einnig með kórnum.